

ÖNN

Kennari: Nafn kennara

SJÁLFSTÆÐI ÍSLANDS

FÁNI OG FÁNADAGAR

NAFN NEMANDA

ÁFANGI, HÓPUR

Nafn skóla

Efnisyfirlit

	Bls.
<i>Landnám Íslands</i> _____	3
<i>Tungumálið</i> _____	3
<i>Lýðræði</i> _____	3
<i>Lýðveldi</i> _____	3
<i>Rannsóknir um lífshætti</i> _____	4
<i>Þrískipting ríkisvaldsins</i> _____	4
<i>Fáni Íslands</i> _____	4
<i>Fánadagar</i> _____	4
<i>Heimildir</i> _____	6

Landnám Íslands

Talið er að meirihluti þeirra landnámsmanna sem komu til Íslands hafi verið frá Noregi. Þeir þættir sem vega þyngst þegar uppruni þjóðarinnar er skoðaður er að tunga okkar er norræn, lög þjóðveldisaldar frá 930–1262 líkjast mest norrænni löggjöf og þjóðtrú Íslendinga líkist mest þjóðtrú í Noregi. Fornrit virðast á einu máli um að Ingólfur Arnarson hafi verið fyrsti norræni landnámsmaðurinn sem nam hér land með viðurkenndum hætti. Öndvegissúlurnar beindu honum til Reykjavíkur þar sem hann bjó til dauðadags. Sumir landnámsmanna hafa verið alkunnugir og ættfeður völdugra ætta, líkt og Skallagrímur í Borgarfirði, Ingimundur gamli í Vatnsdal, Helgi magri í Eyjafirði og Ketill hængur á Rangárvöllum. Í dölum nam Auður djúpúðga land. Hún hafði tekið kristna trú og má geta þess að Þorgeir Ljósvetningagoði og Ari fróði voru meðal afkomenda hennar. Þá telja ýmsir að þáttur Íra í landnámi Íslands hafi verið drjúgur.

Tungumálið

Íslenska er vestnorrænt tungumál af germönskum stofni. Hún er töluð af Íslendingum auk þess sem fjölmargir Vestur-Íslendingar í Norður-Ameríku tala málið. Það er ekki sjálfgefið að svo fámenn þjóð eigi sitt eigið tungumál, en tungumálið gegnir lykilhlutverki í því að varðveita menningarlegt sjálfstæði þjóðarinnar. Þess vegna er mikilvægt að lögð sé rækt við íslensk mál og kostað kapps um að vanda málfar. Í kjölfar mikilla breytinga í tækni og fjölmiðlun hefur verið reynt að sporna við engilsaxneskum áhrifum í íslensku með því að búa til nýyrði eins og „þota“, „tölva“, „ratsjá“ og „sjónvarp“. Stundum eru líka notuð svokölluð tökuorð ef þau hæfa íslenska beygingarkerfinu, svo sem „djass“, „flauel“, „bridge“ og „jeppi“.

Lýðræði

Ísland er lýðræðisríki sem þýðir að þegnarnir taka beinan eða óbeinan þátt í stjórn sameiginlegra hagsmunamála þjóðarinnar. Beint lýðræði kallast það þegar ákvarðanir eru teknar af öllum kjósendum um ákveðin mál, til dæmis kosningar og opnun áfengisútsölu í einstökum byggðarlögum. Óbeint lýðræði er það kallað þegar kjörnir fulltrúar fólksins taka ákvarðanir fyrir fjöldann, samanber alþingismenn. Þeir eru kosnir í almennum þingkosningum á fjögurra ára fresti. Kosningarétt hafa allir sem eru orðnir 18 ára og hafa íslenskan ríkisborgararétt.

Lýðveldi

Ísland er lýðveldi en svo er ríki nefnt sem hefur forseta að þjóðhöfðingja sem er kjörinn eða útnefndur til ákveðins tíma. Á Íslandi er kjörtímabil forseta fjögur ár. Stjórnskipan Íslands kveður á um grundvallarreglur hvað varðar stjórn og skipulag ríkisins. Stjórnskipan er bundin af stjórnarskrá. Stjórnarskráin segir til um hverjir fara með æðsta vald í málefnum ríkisins, skipulag ríkisvaldsins og afstöðu gagnvart þegnumum.

Rannsóknir um lífshætti

Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar á síðustu árum á lífsháttum ungs fólks og íslenskra fjölskyldna. Rannsóknir hafa beinst að almennum þjóðareinkennum Íslendinga, mataræði og lífnaðarháttum. Þá hafa einnig verið skoðaðir aðrir þættir, eins og áfengis- og fíkniefnaneysla ungs fólks og tómstunda- og félagsstarf unglunga.

Þrískipting ríkisvaldsins

Stjórnarráð ríkisvaldsins er skipt í þrjú megin valdsvið: Löggjafarvald, framkvæmdavald og dómvald. Þessir þrjú þættir ríkisvaldsins skulu vera í höndum aðskilinna aðila sem takmarka vald hvers annars og koma þannig í veg fyrir misnotkun þess. Á Íslandi er Alþingi handhafi löggjafarvalds ásamt forseta Íslands sem staðfestir lög formlega svo gildandi lögum sé framfylgt. Framkvæmdavaldið er í höndum ráðherra og forseta. Dómvaldinu er ætlað að skera úr um réttarágreiningu og það er í höndum ráðherraskipaðra dómenda.

Fáni Íslands

Íslenski þjóðfáninn er tákn íslenska lýðveldisins, „mynd þeirra hugsjóna sem þjóð vor á fegursta“ eins og Sigurður Eggerz, starfandi forsætisráðherra, orðaði það í ræðu 1. desember árið 1918 þegar Ísland varð fullvalda ríki. Baráttan fyrir íslenskum fána var samofin sjálfstæðisbaráttu okkar um aldamótin. Einar Benediktsson, skáld vildi nota það sem hann kallaði þjóðliti Íslands, blátt og hvítt og gerði tillögu um að fáni Íslands yrði hvítur kross á bláum feldi. Fánatillaga Matthíasar Þórðarsonar – hvítur kross á bláum feldi með rauðum krossi innan í þeim hvíta – varð þó ofan á eftir að ýmsar tillögur höfðu litið dagsins ljós. Litirnir í fána Matthíasar áttu að tákna fjallablámann, ísinn og eldinn.

Fánadagar

Í forsetaúrskurði frá 1991 nr. 5 23. janúar kemur fram að draga skuli fána á stöng á húsum opinberra stofnana eftirgreinda daga:

- Fæðingardag forseta Íslands
- Nýársdag
- Föstudaginn langa
- Páskadag
- Sumardaginn fyrsta
- maí
- Hvítasunnudag
- Sjómannadaginn
- 17. júní
- 16. nóvember, fæðingardag Jónasar Hallgrímssonar
- desember
- Jóladaag

Alla ofangreinda daga skal draga fána að hún, nema föstudaginn langa, þá í hálfra stöng. Þessa daga er ríkisfánanum flaggað við stofnanir ríkisins, nema föstudaginn langa, þann dag skal fáni dreginn í hálfra stöng. Fánann má einnig nota við öll hátíðleg tækifæri, jafnt þau sem tengjast einkalífi sem önnur, til að mynda á sorgarstundum. Þá skal fáninn dreginn í hálfra stöng. Öllum er heimilt að nota hinn almenna þjóðfána en gæta þarf þess að fara eftir þeim reglum sem um hann gilda. Fána skal ekki draga á stöng fyrir en klukkan sjö að morgni og að jafnaði skal hann eigi vera lengur uppi en til sólarlags og aldrei lengur en til miðnættis. Ef flaggað er við útisamkomu, opinbera athöfn, jarðarför eða minningarathöfn má fáni vera uppi lengur en til sólarlags eða svo lengi sem athöfn varir, en þó aldrei lengur en til miðnættis.

Setjið dagsetninguna í dag hér

Setjið nafnið ykkar hér

Heimildir

Forsætisráðuneytið. (2013). Fáni Íslands: Skjaldarmerki Íslands. Reykjavík: Forsætisráðuneytið.

Sótt 19. júlí 2016 af:

http://www.forsaetisraduneyti.is/upplýsingar/faninn/Notkun_fana/nr/4560.

Stálminni. (1997). Upplýsingabók fyrir ungt fólk. Reykjavík: Æskulýðsráð ríkisins.